

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2021, föstudagur 26. mars var haldinn 397. fundur velferðarráðs. Fundurinn hófst kl. 9:21 og var haldinn rafrænt. Eftirtaldir fulltrúar velferðarráðs tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Rannveig Ernudóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Egill Þór Jónsson, Ragna Sigurðardóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Á fundinum tóku einnig sæti með fjarfundabúnaði Ásta Þórdís Skjalddal og Bergþór Heimir Þórðarson. Af hálfu starfsfólks sátu fundinn: Sigprúður Erla Arnardóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Arnar Snæberg Jónsson og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, heldur erindi um velferðarstefnuna og helstu þætti hennar: Velferðarstefna í mótun.

2. Fram fara kynningar um stefnuáherslur og mikilvægi þeirra.

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarstefnu: Engir tveir eru eins.

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarstefnu: Nálægð og aðgengileiki.

Elín Oddný Sigurðardóttir, borgarfulltrúi, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarþjónustu: Þjónustulipurð og skilvirkni.

Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarþjónustu: Fagmennska og framsýni.

Bergþór Heimir Þórðarson, varaformaður Öryrkjabandalags Íslands, heldur um erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarþjónustu: Virðing og umhyggja.

Egill Þór Jónsson, borgarfulltrúi, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarstefnu: Frumkvæði og forvarnir.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, heldur erindi um stefnumarkandi áherslu í velferðarstefnu: Samtal og samráð.

3. Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði, fjallar um samráðsgátt og umsagnir um velferðarstefnu.

4. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, dregur saman umfjöllunina.

Fundi slitið kl. 10:20

Heiða Björg Hilmisdóttir

Elín Oddný Sigurðardóttir
Ragna Sigurðardóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Kolbrún Baldursdóttir
Rannveig Ernudóttir
Egill Þór Jónsson